

2011 nr. 85 23. júní

Lög um nálgunarbann og brottvísun af heimili¹⁾

¹⁾ 15. gr. laganna var breytt með l. 117/2016, 72. gr.; breytingarnar taka gildi 1. jan. 2018 skv. 90. gr. s.l.

Tóku gildi 30. júní 2011. Breytt með l. 39/2012 (tóku gildi 9. júní 2012) og l. 117/2016 (taka gildi 1. jan. 2018, nema 52., 53., 75., 76. og 79.–81. gr. sem tóku gildi 28. okt. 2016).

I. kafli. Skilgreiningar og aðild.

■ **1. gr.** Með nálgunarbanни samkvæmt lögum þessum er átt við þau tilvik þegar manni er bannað að koma á tiltekinn stað eða svæði, veita eftirförl, heimsækja eða setja sig með öðru móti í samband við annan mann.

■ **2. gr.** Með brottvísun af heimili samkvæmt lögum þessum er átt við þau tilvik þegar manni er vísað brott af heimili sínu eða dvalarstað og honum bannað að koma þangað aftur í tiltekinn tíma.

■ **3. gr.** Sá maður sem misgert er við, brotaþoli, fjölskylda hans eða annar honum nákominn, getur boríð fram beiðni til löggreglu um að maður, sakborningur, sem brotið hefur gegn honum eða raskað friði hans á annan hátt, sæti nálgunarbanни og/eða brottvísun af heimili.

□ Sömu heimild skv. 1. mgr. hefur lögráðamaður brotaþola og sá sem kemur fram fyrir hönd félagsþjónustu og/eða barnaverndarnefndar í sveitarfélagi þar sem viðkomandi er búsettur.

□ Löggreglustjóri getur einnig að eigin frumkvæði tekið mál til meðferðar samkvæmt lögum þessum ef hann telur ástæðu til.

II. kafli. Skilyrði.

■ **4. gr.** Heimilt er að beita nálgunarbanни ef:

a. rökstuddur grunur er um að sakborningur hafi framið refsívert brot eða raskað á annan hátt friði brotaþola, eða

b. hætta er á að viðkomandi brjóti gegn brotaþola skv. a-lið.

■ **5. gr.** Heimilt er að beita brottvísun af heimili ef:

a. rökstuddur grunur er um að sakborningur hafi framið refsívert brot gegn ákvæðum XXII.–XXIV. kafla almennra hegningarlaga og/eða 108. gr., 233. gr., 233. gr. b, 253. gr. og/eða 257. gr. sömu laga og verknaður hefur beinst að öðrum sem er honum nákominn og tengsl þeirra þykja hafa aukið á grófleika verknaðarins, enda varði brotið fangelsi allt að sex mánuðum, eða

b. hætta er á að viðkomandi brjóti gegn brotaþola skv. a-lið.

□ Heimilt er að beita nálgunarbanни samhliða brottvísun af heimili ef það þykir nauðsynlegt til að tryggja hagsmuni brotaþola.

□ Löggreglu er heimilt að handtaka sakborning á heimili eða þar sem til hans næst í þágu meðferðar og ákvörðunar vegna nálgunarbanns og/eða brottvísunar af heimili.

■ **6. gr.** Nálgunarbanни og/eða brottvísun af heimili verður aðeins beitt þegar ekki þykir sennilegt að friðhelgi brotaþola verði vernduð með öðrum og vægari hætti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.

□ Við mat skv. 1. mgr. er heimilt að líta til þess hvort sakborningur hafi áður þurft að sæta nálgunarbanни og/eða brottvísun af heimili sem og þess hvort háttsemi hans á fyrri stigum hafi verið þannig háttæd að hætta er talin á að hann mun fremla háttsemi sem lýst er í 4. gr. og 1. mgr. 5. gr.

III. kafli. Málsmeðferð hjá löggreglustjóra.

■ **7. gr.** Löggreglustjóri, eða löglærður fulltrúi hans, á heimilisvarnarþingi brotaþola tekur ákvörðun um nálgunarbann og/eða brottvísun af heimili, á grundvelli beiðni skv. 1. eða 2. mgr. 3. gr., eða ef ríkir almannahagsmunir, einkahagsmunir eða hagsmunir vegna rannsóknar og/eða dómsmeðferðar sakamáls krefjast þess.

□ Hraða skal meðferð máls og taka ákvörðun skv. 1. mgr. svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en sólarhring eftir að beiðni hefur borist skv. 1. eða 2. mgr. 3. gr. eða mál komið upp með öðrum hætti.

□ Nálgunarbanni skal markaður ákveðinn tími, þó ekki lengur en eitt ár í senn. Ekki er heimilt að framlengja nálgunarban nema til komi ný ákvörðun, enda séu skilyrði 4. gr. enn þá fyrir hendi.

□ Brottvísun af heimili skal markaður ákveðinn tími, þó ekki lengur en fjórar vikur í senn. Ekki er heimilt að framlengja brottvísun af heimili nema til komi ný ákvörðun, enda séu skilyrði 5. gr. enn þá fyrir hendi.

■ **8. gr.** Löggreglustjóra er skyld að tilnefna sakborningi verjanda vegna meðferðar máls samkvæmt lögum þessum og fer um slíka tilnefningu skv. IV. kafla laga um meðferð sakamála. Brotaþola skal jafnframt tilnefndur réttargæslumaður og fer um þá tilnefningu skv. V. kafla laga um meðferð sakamála.

□ Nú skilur sakborningur eða brotaþoli íslensku ekki nægilega vel og skal þá lögregla, ef þess er talin þörf, kalla til lög-giltan dómtúlk eða annan hæfan mann til að annast túlun þess sem fram fer. Ef sakborningur eða brotaþoli er ekki fær um að eiga orðaskipti á mæltu máli skal á sama hátt kallaður til kunnáttumaður til aðstoðar. Þóknun til handa túlki eða kunnáttumann og annar kostnaður vegna starfa þeirra greiðist úr ríkissjóði. Um störf þeirra og hæfi gilda að öðru leyti ákvæði 12. gr. laga um meðferð sakamála eftir því sem við á.

■ **9. gr.** Ákvörðun um nálgunarban og/eða brottvísun af heimili skal vera skrifleg, rökstudd og tilgreina sakborning og brotaþola. Tímamörk, gildissvið og gildistaka nálgunarban og/eða brottvísunar skulu jafnframt tilgreind í ákvörðun.

□ Ákvörðun skal birt fyrir sakborningi eða fyrir verjanda hans eða öðrum lögráða manni sem fengið hefur skriflegt umboð frá honum til að taka við birtingu. Réttaráhrif ákvörðunar miðast við birtingu ákvörðunar. Við birtingu skal leiðbeina um réttaráhrif ákvörðunar og málsmeðferð fyrir hér-asdómi skv. IV. kafla þessara laga.

■ **10. gr.** Beiðni skv. 1. eða 2. mgr. 3. gr. skal synjað ef skilyrði II. kafla laga þessara eru ekki talin vera fyrir hendi. Ekki er skyld að gefa þeim sem hlut á að máli kost á að tjá sig áður en slík ákvörðun er tekin.

□ Nú er beiðni synjað og er löggreglustjóra þá skyld að tilkynna það brotaþola ásamt rökstuðningi. Skal brotaþola jafnframt bent á að honum sé heimilt að kera ákvörðunina til ríkissaksóknara innan eins mánaðar frá því honum er tilkynnt um hana, eða hann fékk vitneskju um hana með öðrum hætti.

□ Ríkissaksóknara ber að taka afstöðu til kærunnar innan viku frá því málsgögn vegna hinnar kærðu ákvörðunar berast frá löggreglustjóra. Felli ríkissaksóknari ákvörðun löggreglustjóra úr gildi skal löggreglustjóri leggja málid fyrir héraðsdómum samkvæmt reglum IV. kafla laga þessara nema ríkissaksóknari mæli fyrir um annað.

■ **11. gr.** Þegar ástæður þær sem lágu til grundvallar ákvörðun um beitingu úrræða skv. 4. gr. og/eða 5. gr. eru ekki lengur fyrir hendi skal löggreglustjóri fella bannið og/

eða brottvísunina úr gildi með nýrri ákvörðun. Skylt er að gefa þeim sem hlut á að máli kost á að tjá sig áður en slík ákvörðun er tekin.

□ Nú er ákvörðun um úrræði skv. 4. gr. og/eða 5. gr. felld úr gildi og er löggreglu þá skylt að tilkynna það brotaþola og sakborningi ásamt rökstuðningi.

□ Ákvörðun löggreglu um að fella úr gildi nálgunarban og/eða brottvísun af heimili verður ekki borin undir dómara en heimilt er að kæra hana eftir sömu reglum og gilda um kæru ákvörðunar löggreglu um að fella niður rannsókn sakamáls.

IV. kafli. Málsmeðferð fyrir dómi.

■ **12. gr.** Löggreglustjóri skal bera ákvörðun um beitingu úrræðis skv. 4. og/eða 5. gr. undir héraðsdóm til staðfestingar svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en þremur sólarhringum eftir að ákvörðun var birt fyrir sakborningi. Hið sama gildir um ákvörðun um framlengingu nálgunarban og/eða brottvísun.

□ Málsmeðferð fyrir héraðsdómi frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar nema löggreglustjóri hafi ákveðið annað.

■ **13. gr.** Eftir að héraðsdómi hefur borist krafa löggreglustjóra ákveður dómari stað og stund þinghalds þar sem mál verður tekið fyrir. Þinghald skal háð svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en þremur sólarhringum eftir að gögn málsins hafa borist héraðsdómi.

□ Dómari gefur út fyrirkall á hendur sakborningi sem greini stað og stund þinghalds ásamt áskorun til hans um að sækja þing. Telji dómari að afstaða sakbornings til kröfunnar liggi nægilega fyrir í gögnum löggreglu er dómara heimilt að taka fram í fyrirkalli að fjarvist sakbornings verði metin til jafns við afstöðu hans við meðferð máls hjá löggreglustjóra og að úrskurður kunní að ganga um málið þótt hann sæki ekki þing. Ella skal þess getið í fyrirkalli að lögregla megi færa sakborning fyrir dóm, með valdi ef með þarf, sinni hann því ekki.

□ Dómari skal einnig tilkynna brotaþola, eða réttargæslumanní hans, hvenær þing verður háð.

□ Fyrirkall skal birt fyrir sakborningi eða fyrir lögmanni hans eða öðrum lögráða manni sem fengið hefur skriflegt umboð frá honum til að taka við birtingu.

■ **14. gr.** Sakborningi skal skipaður verjandi vegna meðferðar máls fyrir dómi og fer um þá skipun skv. IV. kafla

laga um meðferð sakamála. Brotapola skal jafnframt skipaður réttargæslumaður og fer um þá skipun skv. V. kafla laga um meðferð sakamála.

■ **15. gr.** Um málsmeðferð fyrir héraðsdómi gilda ákvæði XV. kafla laga um meðferð sakamála eftir því sem við á. Ef sakborningur sækir þing við uppkvaðningu úrskurðar telst úrskurður birtur fyrir honum, enda standi honum þegar til boða endurrit úrskurðarins. Nú verður úrskurður ekki birtur á dómþingi og skal þá birta úrskurð fyrir sakborningi eða fyrir lögmanni hans eða öðrum lögráða manni sem fengið hefur skriflegt umboð frá honum til að taka við birtingu.

□ Réttaráhrif úrskurðar héraðsdóms miðast við birtingu nema dómari hafi ákveðið annað.

□ [Kæra má til æðri dóms úrskurð dómara um hvort lagt verði á nálgunarban eða um brottvísun af heimili, svo og úrskurð sem gengur í máli um slíka kröfу, ef hann getur sætt kæru eftir almennum reglum 1. mgr. 192. gr. laga um meðferð sakamála. Um kæru gilda sömu reglur og um kæru úrskurðar héraðsdómarar samkvæmt lögum um meðferð sakamála.]¹⁾

¹⁾ L. 39/2012, I. gr.

V. kafli. Tengsl við sveitarfélög.

■ **16. gr.** Þegar manni hefur verið vísað brott af heimili sínu samkvæmt lögum þessum skal lögregla tilkynna brottvísunina til félagsþjónustu viðkomandi sveitarfélags. Í því skyni er löggreglu heimil miðlun upplýsinga um nöfn sakbornings og heimilisfólks að því marki sem hún verður talin nauðsynleg vegna vinnslu málsins.

■ **17. gr.** Ef barn býr á heimili þar sem brottvísun manns á sér stað skal lögregla ávallt tilkynna brottvísunina til barnaverndarnefndar. Hið sama gildir þegar manni er gert að sæta nálgunarbanni.

VI. kafli. Gildissvið og gildistaka.

■ **18. gr.** Ákvæði laga um meðferð sakamála gilda um málsmeðferð samkvæmt lögum þessum, eftir því sem við á og ekki er sérstaklega tilgreint í lögum þessum.

■ **19. gr.** Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

□ ...

■ **20. gr.** Breytingar á öðrum lögum. . . .